

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er heimilt að leggja á sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingar-gjald) til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu í bænum.

2. gr.

Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis, að lágmarki kr. 15.000, er innheimt árlega með fasteigna-gjöldum, af íbúðum í bænum. Innifalið í því gjaldi er eitt sorpílát og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

Fyrir hvert aukasorpílát heimila er á sama hátt innheimt árlega, og fyrirfram, gjald eftir því sem hér segir:

	kr.
1. fyrir 240 l tunnu	15.000
2. fyrir 660 l gám	43.000

Heimili sem óska eftir aukasorpíláti skulu beina ósk þar að lútandi til þjónustustöðvar (áhalda-húss) bæjarins að Völuteigi 15.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem öðlast þegar gildi er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með vísan til 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og með vísan til samþykktar um sorphirðu og hreinsun opinna svæða í Mosfellsbæ nr. 589/1998 með síðari breytingum.

Við samþykkt gjaldskrárinnar fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 45/2009.

Mosfellsbæ, 16. desember 2009.

Stefán Ó. Jónsson bæjarritari.